

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1995

Nr. 311

762

2. júní 1995

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 8. júní 1995 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði við Ingólfshöfða, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°02,00 N – 16°11,20 V
2. 63°56,43 N – 16°02,70 V
3. 63°45,50 N – 16°24,00 V
4. 63°40,00 N – 16°40,00 V
5. 63°48,00 N – 16°40,00 V

Að norðan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá og með 8. júní 1995 felld úr gildi reglugerð nr. 630, 13. desember 1994, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Hrollaugseyjar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.